

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

1. **Um félagið**
 - 1.1 Félagið er vatnsveitufélag og heitir *Flateyjarveitur*. Heimili þess og varnarþing er í Flatey á Breiðafirði.
 - 1.2 Póstfang félagsins og aðrar samskiptaupplýsingar eru ákveðnar af stjórn þess hverju sinni.
 - 1.3 Félagið hét áður Vatnsveita Flateyjar og hefur það rekið og byggt upp vatnsveitu í einkaeigu í Flatey á Breiðafirði. Með samþykktum þessum er starfsemi félagsins færð til þess hofs vatnsveitufélaga sem kveðið er á um í ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923, eins og þeim var breytt með lögum nr. 132/2011.
2. **Verkefni félagsins og tilgangur**
 - 2.1 Verkefni félagsins og tilgangur er einkum að eiga og reka vatnsveitu í Flatey á Breiðafirði og stuðla með því að öflun á góðu drykkjar- og neysluvatni til notkunar í eyjunni.
 - 2.2 Verkefni félagsins er enn fremur að leita leiða til að koma á sjálfbærri, umhverfisvænni og hagkvæmri lausn á öflun drykkjar- og neysluvatns til frambúðar í eyjunni.
 - 2.3 Félagið stuðlar að fræðslu um nýtingu drykkjarvatns í Flatey til að tryggja að ekki komi til vatnsskorts. Félagið skal stuðla að og taka þátt í verkefnum sem lúta að öflun, geymslu og dreifingu vatns í eyjunni.
 - 2.4 Félagið leitast við að eiga samstarf við önnur félög sem tilheyra samfélaginu í Flatey ásamt því að taka þátt í uppbyggingu samfélagsins í eyjunni eftir því sem kostur er ásamt því að standa fyrir fræðslufundum og útgáfu fræðsluefnis um vatnsmál og önnur samfélagsleg málefni í Flatey.
 - 2.5 Félagið leitast enn fremur við að eiga samstarf við önnur sambærileg félög hér á landi og erlendis, eftir því sem kostur er, í því skyni að vinna að framgangi verkefna og tilgangs félagsins í hvívetna.
3. **Félagsaðild og atkvæðisréttur**
 - 3.1 Aðild að félaginu eiga allir þinglýstir eigendur þeirra fasteigna sem tengdar eru og tilheyra með því vatnsveitu félagsins.
 - 3.2 Félagsstjórn heldur skrá yfir féлага og þær fasteignir sem um ræðir. Skrá þessi er sett fram í *fylgiskjali I* með samþykktum þessum og skal hún uppfærð eftir því sem félagsaðild kann að breytast. Uppfært eintak skrárinnar skal liggja fyrir á hverjum aðalfundi félagsins og vera aðgengileg félagsmönnum á milli funda.
 - 3.3 Félagsmenn skulu tilkynna félagsstjórn ef breytingar verða á þinglýstum eignarráðum fasteigna þeirra. Uppfæra skal félagaskrá vegna slíkra tilkynninga jafnharðan.
 - 3.4 Um inngöngu í félagið og úrsögn úr því er fjallað um í 11. kafla samþykktu þessara.
 - 3.5 Atkvæðisréttur á aðal- og félagsfundum miðast við hverja fasteign sem tilheyrir vatnsveitufélaginu og fylgir eitt atkvæði hverri fasteign sem skráð er með sjálfstæðu fastanúmeri hjá fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands.



FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

- 3.6 Ef fleiri en einn eiga saman fasteign deila þeir atkvæðisréttinum og skulu þá koma sér saman um hvernig atkvæðinu er varið. Hlutdeildaratkvæði tiltekins/tiltekinna fasteignareigenda eru ekki gild. Sama á við ef fasteign er eigu félags sem er sjálfstæður lögaðili.
- 3.7 Heimilt er félagsmanni, eða félagsmönnum ef fleiri en einn eiga saman fasteign, að tilnefna fulltrúa fyrir hlutaðeigandi fasteign í félaginu. Fulltrúi þarf ekki að vera þinglýstur eigandi en hann telst hafa umboð þinglýstra eigenda til að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart félaginu og stjórn þess og ráðstafa hagsmunum umbjóðenda sinna í félagsstarfinu, þ.m.t. að sitja í stjórn og greiða atkvæði á félagsfundum. Tilkynna skal stjórn um tilnefningu fulltrúa og telst slík tilnefning gild gagnvart félaginu ef hún er staðfest skriflega af þinglýstum eiganda/eigendum viðkomandi fasteignar.
- 3.8 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum máls við atkvæðagreiðslur á aðalfundi og almennum félagsfundum í félaginu nema annað sé tekið sérstaklega fram í samþykktum þessum.
- 3.9 Veðsetning eigna félagsins er ekki heimil nema til komi samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra félagsmanna og að því tilskyldu að hún sé nauðsynleg til að vinna að verkefnum félagsins og tilgangi þess.
- 4. Félagisstjórn**
- 4.1 Stjórn félagsins er fimm manna, að meðtöldum formanni, og skal hún kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Fullgildir félagsmenn eða tilnefndir fulltrúar þeirra eru kjörgengir til stjórnarsetu. Stjórnarkjör fara fram með handauppréttingu nema einhver fundarmanna geri kröfu um leynilega kosningu.
- 4.2 Formaður er kosinn sérstaklega. Kosning annarra stjórnarmanna fer fram með því að hverjum atkvæðisrétti í félaginu fylgir réttur til að greiða fjórum frambjóðendum til stjórnar atkvæði. Að frátöldum formanni skal stjórnin skipuð þeim fjórum frambjóðendum sem flest atkvæði hlutu. Stjórnin kys sjálf varaformann, ritara og gjaldkera úr hópi stjórnarmanna.
- 4.3 Verði varanleg forföll hjá stjórnarmanni eða segi stjórnarmaður sig úr stjórn skal boða til sérstaks félagsfundar til að kjósa eftirmann í stjórn.
- 4.4 Stjórn fer með málefni félagsins á milli aðal- eða félagsfunda, ráðstafar hagsmunum þess og kemur fram fyrir þess hönd. Þá annast stjórnin önnur þau störf sem henni eru falin í samþykktum þessum eða með samþykktum ályktunum á félagsfundum.
- 4.5 Stjórn heldur stjórnarfundi eftir þörfum. Halda skal stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna óskar þess og skal formaður þá annast boðun fundarins. Verði formaður ekki við slíkri ósk getur sá stjórnarmaður sem óskar eftir fundi annast slíka boðun sjálfur. Alla stjórnarmenn skal boða á stjórnarfundi. Á fundum stjórnar ræður afl atkvæða úrslitum. Stjórnarfundur er löglegur ef meirihluti stjórnarmanna mætir til fundar.
- 4.6 Stjórn skal í störfum sínum fylgja fjárhagsáætlun félagsins og öðrum samþykktum aðalfundar eða annarra félagsfunda. Að því marki sem það fer ekki í bága við slíkar samþykktir og/eða verkefni og tilgang félagsins telst stjórn hafa umboð til að skuldbinda félagið og gera löggæringa í nafni þess.

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

- 4.7 Stjórn skal leitast við að halda öllum félagsmönnum og fulltrúum þeirra upplýstum um félagsstarfið eftir því sem kostur er, t.a.m. með tilkynningum á tölvupóstföng eða með öðrum sambærilegum hætti.
- 5. Aðalfundur**
- 5.1 Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur telst lögmætur ef réttilega er til hans boðað.
- 5.2 Aðalfundur félagsins skal halda í marsmánuði hvert ár og skal stjórn félagsins boða til aðalfundar. Boðun skal send með tölvupósti til allra félaga eða fulltrúa félaga ef því er að skipta með a.m.k. 15 daga fyrirvara og bréflaga með sama fyrirvara til þeirra félaga sem óskað hafa sérstaklega eftir boðunum með þeim hætti. Dagskrár aðalfundar skal getið í fundarboði og því skal einnig fylgja fjárhagsáætlun stjórnar og tillögur að félagsgjöldum fyrir næsta starfsár. Hafi borist tillaga að lagabreytingu skal tillagan auk þess fylgja í fundarboði og hennar getið þar.
- 5.3 Formaður setur fundinn og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara úr röðum fundarmanna.
- 5.4 Á dagskrá aðalfunda eru eftirtalin atriði m.a. til umræðu og ákvörðunar:
- i. Skýrsla stjórnar um störf ársins.
 - ii. Reikningar félagsins fyrir undanfarandi starfsár.
 - iii. Fjárhagsáætlun stjórnar fyrir yfirstandandi starfsár.
 - iv. Tillögu stjórnar um félagsgjald fyrir næsta starfsár.
 - v. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
 - vi. Kosning stjórnar og formanns skv. ákvæðum 4. kafla.
 - vii. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga úr hópi félagsmanna utan stjórnar.
 - viii. Önnur mál.
- 5.5 Reynist ekki unnt að ljúka aðalfundarstörfum eða einhverjar aðrar ástæður leiða til þess að boða þurfi til aukaaðalfundar annast stjórn það með sama hætti og boðun aðalfunda. Um aukaaðalfundi gilda sömu reglur og um aðalfundi, að frátöldu ákvæði 5.4 um dagskrá.
- 5.6 Öllum félagsmönnum, og fulltrúum félagsmanna ef því er að skipta, er rétt að sækja aðalfundi, taka þar til máls og greiða atkvæði eftir reglum samþykpta þessara, sbr. nánari reglur 3. kafla þar að lútandi.
- 5.7 Rétt til fundarsetu, ásamt málfrelsi og tillögurétti, hafa jafnframt þeir sem teljast nákomnir félagsmönnum og dvelja reglulega í Flatey á þeirra vegum eða hafa látið sig málefni vatnsveitunnar varða og tekið þátt í uppbyggingu hennar fyrir hönd eigenda eða eigendahópa þeirra fasteigna sem tilheyra félaginu. Komi upp ágreiningur um fundasetu samkvæmt ákvæði þessu sker félagsstjórn úr.
- 6. Félagsfundir og önnur störf**
- 6.1 Auk aðalfunda heldur stjórn almenna félagsfundi eins og þörf krefur til umfjöllunar og/eða kynningar á störfum félagsins. Almennir félagsfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðalfundur, en fundarboð skal þó sent með minnst einnar viku fyrirvara.

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

- 6.2 Félagsmaður getur óskað eftir því að stjórn boði til almennra félagsfunda enda sé tilefni fundarins tilgreint í slíkri ósk. Verði stjórn ekki við slíkri ósk er félagsmanni heimilt, að fengnum skriflegum stuðningi 5 annarra félagsmanna, að boða til slíks fundar á eigin spýtur.
- 6.3 Haldi stjórn ekki aðalfund eftir reglum samþykktu þessara er hverjum félagsmanni heimilt, að fengnum skriflegum stuðningi a.m.k. 5 annarra atkvæða í félaginu, að boða til aðalfundar. Um dagskrá slíks fundar fer eftir ákvæðum 5. kafla eftir því sem við getur átt.
- 6.4 Um rétt til fundasetu og framkvæmd funda fer að öðru leyti eftir ákvæðum 5. kafla eftir því sem við getur átt.
- 7. Reikningar og endurskoðun**
- 7.1 Reikningsár félagsins er almannaksárið. Stjórn félagsins skal annast um bókhald þess, færa reikninga og hefur þá aðgengilega kjörnum skoðunarmönnum a.m.k. 15 dögum áður en aðalfundur er haldinn.
- 7.2 Kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins er rétt að krefja stjórn félagsins um skýringar og frekari gögn ef þeir telja þess þörf. Þá er þeim rétt að taka til máls á aðalfundum undir umræðum um reikninga félagsins telji þeir ástæðu til þess. Reikningar félagsins sem lagðir eru fram á aðalfundum skulu áritaðir af skoðunarmönnum reikninga og skal áritun þeirra geyma athugasemdir til aðalfundarins, ef því er að skipta.
- 7.3 Stjórn félagsins er heimilt að ráða endurskoðanda til að fara yfir reikninga félagsins, telji hún þörf á því. Geri skoðunarmenn reikninga kröfu um endurskoðun þeirra er stjórn skylt að ráða endurskoðanda til þess. Sama á við ef meirihluti aðalfundar ályktar á þá leið.
- 7.4 Stjórn félagsins skal að öðru leyti gæta þess að fjárreiður félagsins séu í samræmi við fjárhagsáætlanir og ber henni jafnframt að gæta þess að ekki sé stofnað til skuldbindinga í félaginu nema fjárhagur þess standi undir því.
- 8. Fjárhagsáætlanir og félagsgjöld**
- 8.1 Stjórn félagsins starfar eftir fjárhagsáætlun sem samþykkt er á aðalfundi ár hvert. Stjórnin gerir fjárhagsáætlun félagsins og tekur við gerð hennar tillit til fyrirsjáanlegrar fjárþarfar félagsins miðað við verkefni þess og tilgang. Telji stjórn að samþykkt fjárhagsáætlun aðalfundar muni ekki standast, vegna atvika sem þá voru ófyrirsjáanleg, skal stjórnin án tafar boða til aukaaðalfundar og leggja þar fram nýja fjárhagsáætlun til umræðu og ákvörðunar.
- 8.2 Samhliða fjárhagsáætlun skal leggja fram á aðalfundi tillögu stjórnar um félagsgjald fyrir yfirstandandi starfsár. Skal félagsgjald ákveðið eftir nánari reglum þessa kafla miðað við áætlaða fjárbörf félagsins og fjárhagsáætlun þess. Tillaga um félagsgjald skal bera með sér hver gjalddagi þess sé.
- 8.3 Félagsgjöld skulu miðast við:
- a) *fastagjald*, þ.e. gjald sem skal vera jafnhátta fyrir allar fasteignir sem tengdar eru veitunni og mætir föstum kostnaði við rekstur veitunnar óháð vatnsnotkun; og

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

b) *afnotagjald*, þ.e. gjald sem miðast við mælda eða áætlaða vatnsnotkun á ársgrundvelli í hverri þeirri fasteign sem tilheyrir félaginu og er tengd veitukerfi þess.

Skal tillaga stjórnar um félagsgjöld bera með sér fjárhæð fastagjalds annars vegar og fjárhæð afnotagjalds fyrir hvern rúmmetra vatns hins vegar. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal að jafnaði miðast við áætlaða heildarvatnsþörf vatnsveitunnar á ársgrundvelli annars vegar og hins vegar áætlaða fjárhæð félagsins umfram fastagjald samkvæmt fjárhagsáætlun stjórnar. Sé ekki til staðar búnaður til að mæla vatnsnotkun fasteignar skal stjórnin áætla vatnsnotkun viðkomandi eignar samkvæmt nánari flokkun í gr. 8.4.

8.4 Við áætlun afnotagjalda samkvæmt lokaorðum gr. 8.3 skal stjórnin miða við þrjá notkunarflokkar fasteigna. Flokkarnir miðast við stærð þeirra fasteigna sem um ræðir, hversu mikið þær eru notaðar og eðli þeirra afnota sem fram fer í hverri eign. Jafnframt er heimilt að stærri atvinnuhúsnæði falli í fleiri en einn gjaldflokk ef umsvif í eigninni gefa tilefni til. Flokkarnir eru sem hér segir:

1. flokkur - Hús sem eru af minni eða miðlungs stærð (m^2/m^3) og telja verður að vatnsnotkun sé lítil eða í meðallagi. Einnig falla í þennan flokk hús sem eru tvískipt og aðskilin, hvert með sinn eiganda og/eða sína eigendur. Jafnframt falla í þennan flokk lítil og smærri útihús, geymslur, bátageymslur, viðgerða- og smíðahús og aðrar byggingar sem eru aðskilin frá íbúðarhúsi og leitt hefur verið vatn í en vatnsnotkun talin vera lítil.

2. flokkur - Hús sem eru af miðlungs og stærstu stærð (m^2/m^3) og telja verður að notkun sé umtalsverð. Jafnframt falla í þennan flokk stór og stærri útihús s.s. fjárhús, gripahús og fiskverkunarhús til einkanota þar sem vatn hefur verið leitt í.

3. flokkur - Hús þar sem atvinnurekstur fer fram, s.s. gistiþjónusta, einka- og félagsbústaðir til útleigu, veitingarekstur, landbúnaður, báta- og viðgerðarskýli af stærri gerð og fiskverkunarhús svo og annar ótilgreindur atvinnurekstur og opinber salernisaðstaða.

8.5 Stjórnin skal gæta þess að beita sanngirni og málefnalegum sjónarmiðum í tillögum sínum um áætlaða vatnsnotkun í hverjum gjaldflokki og um skiptingu húsa í notkunarflokkar samkvæmt framangreindu.

8.6 Samhliða tillögum um félagsgjald skal stjórnin gera tillögu um fjárhæð stofngjalds fyrir nýja félagar sem ganga kunna í félagið á starfsárinu. Skal fjárhæð stofngjalds miðuð við hlutdeild í stofnkostnaði og áætlaðan kostnað tengingar við veitukerfið án tillits til heimtaugartengingar, sem nýjir félagar skulu annast sjálfir á eigin kostnað.

8.7 Gildandi ákvörðun stjórnar um félagsgjöld, skiptingu húsa í notkunarflokkar, svo og önnur gjöld og forsendur þeirra, sem samþykkt hefur verið á aðalfundi, skal liggja fyrir í *fylgiskjal II* með samþykktum þessum hverju sinni.

8.8 Heimilt er að færa hús á milli notkunarflokkar innan starfsárs ef forsendur fyrir stærð, notkun og nýtingu breytast. Skal stjórnin jafnframt leitast við að taka tillit til athugasemda einstakra félagar ef kostur er og miðla málum ef svo ber undir. Komi upp ágreiningur um félagsgjöld sem ekki verður leystur skulu aðilar ágreiningsins skipa í sameiningu einn hæfan og óvilhallan aðila sem sker úr um ágreininginn.

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

- 8.9 Stjórn félagsins innheimtir löglega ákveðin félagsgjöld af félagsmönnum. Sé félagsgjald ekki greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga er stjórn heimilt að fela lögmanni gjaldið til innheimtu og krefja félagsmann um allan kostnað við innheimtuna. Jafnframt er stjórninni heimilt, fyrir hönd félagsins, að taka fjárnám í viðkomandi fasteign til tryggingar vangoldnum félagsgjöldum og kostnaði við innheimtu þeirra.
- 8.10 Vari vanskil félagsgjalds lengur en fjóra mánuði er stjórn heimilt að ákveða lokun vatnsveitu til viðkomandi fasteignar þar til bætt hefur verið úr vanefndum. Verði ekki bætt úr vanefndum eftir það er stjórn heimilt, hafi vanefndir varað í eitt ár, að vísa umræddum félagsmönnum úr félaginu og aftengja viðkomandi fasteign frá veitumannvirkjum félagsins á kostnað hlutaðeigandi félagsmanna.
- 9. Kvaðir**
- 9.1 Með kvöðum samkvæmt þessum kafla er einkum átt við þær almennu skyldur sem falla á félagsmenn samkvæmt samþykktum þessum, t.d. ákvæði um viðhald lagna, vatnsnotkun og hagnýtingu, skyldur skv. 12. kafla o.s.frv.
- 9.2 Allir félagsmenn skulu uppfylla þær skyldur og kvaðir sem fram koma í samþykktum þessum í tengslum við félagsaðild og hvers kyns hagnýtingu og þátttöku í vatnsveitu félagsins, þ.m.t. greiðslu félagsgjalda skv. löglegri ákvörðun aðalfundar hverju sinni.
- 9.3 Stjórn félagsins getur ákveðið að þinglýst verði yfirlýsingu um kvöð á allar þær fasteignir sem tilheyra félaginu hverju sinni í samræmi við ákvæði þessa kafla. Tiltaka skal í slíkri yfirlýsingu nánar hvaða kvaðir er um að ræða og að kvaðirnar haldist í gildi meðan hlutaðeigandi fasteign er tengd við vatnsveitu félagsins óháð hvers kyns breytingum á eignarráðum.
- 9.4 Efni yfirlýsingar um kvöð skal lagt fyrir aðalfund eða almennan félagsfund til umræðu og samþykktar, enda sé þess getið í fundarboði og tillaga að slíkri yfirlýsingu fylgi. Sama á við ef stjórn telur ástæðu til að breyta fyrirliggjandi yfirlýsingum til þinglýsingar á ný.
- 9.5 Allir félagsmenn skulu, að fenginni samþykkttri yfirlýsingu til þinglýsingar, undirrita hana og afhenda stjórn sem annast skal um þinglýsinguna á kostnað félagsins.
- 9.6 Verði yfirlýsing um kvöð ekki réttilega undirrituð af hálfu viðkomandi félagsmanna þannig að þinglýsing nái ekki fram að ganga og ekki bætt úr eftir kröfu stjórnar skal litið svo á að um vanefndir sé að ræða í samræmi við gr. 8.9 og 8.10 eftir því sem við á.
- 9.7 Við lögmeta úrsögn úr félaginu skv. ákvæðum 11. kafla skal stjórn, að beiðni viðkomandi félagsmanns (manna) og að því tilskyldu að ekki séu fyrir hendi vanskil, hlutast til um aflýsingu kvaðar á viðkomandi eign.
- 10. Breytingar á samþykktum**
- 10.1 Breytingar á samþykktum félagsins má aðeins gera á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur sem fram koma á aðalfundi og varða breytingar á áður auglýstum breytingatillögum skulu vera skriflegar. Löglega samþykktar breytingar á samþykktum taka gildi þegar í stað nema þær beri annað með sér.

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

- 10.2 Vilji félagsmaður gera tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skulu slíkar tillögur berast stjórn að jafnaði tveim mánuðum fyrir aðalfund og aldrei síðar en 15. janúar.
- 10.3 Samþykktir þessar, og hvers kyns breytingar á þeim, eru háðar staðfestingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 með síðari breytingum.
- 11. Innganga og úrsögn**
- 11.1 Nýir félagsmenn geta gengið í félagið ef lögmætur félagsfundur samþykkir. Innganga nýs félagsmanns er þó háð því að vatn sé nægilegt til að anna hinni nýju fasteign og að eignin liggji með þeim hætti að þátttaka valdi ekki verulegu óhagræði fyrir félagið eða rekstur veitumannvirkja þess.
- 11.2 Nýir félagsmenn skulu hlíta samþykktum félagsins og öðrum reglum sem gilda kunna um starsfemi þess, auk þess að greiða félagsgjöld ásamt hlutdeild í stofnkostnaði til móts við og með sama hætti og aðrir félagar. Þá skulu nýir félagsmenn sjálfir kosta framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að fasteign hans verði tengd við veitumannvirki félagsins.
- 11.3 Félagismaður getur sagt sig úr félaginu með því að senda skriflega tilkynningu um það til stjórnar þess. Skal félagismaður sjálfur greiða kostnað við aftengingu og annan frágang vegna úrsagnarinnar. Þrátt fyrir úrsögn ábyrgist félagismaður þau gjöld sem á hann eða viðkomandi fasteign hafa fallið fram til þess að afnotum lýkur.
- 11.4 Framkvæmdum á veitumannvirkjum sem ráðist kann í vegna inngöngu eða úrsagnar úr félaginu skal alltaf stjórnað af félaginu sjálfu en á kostnað viðkomandi félagsmanns.
- 11.5 Um inngöngu nýrra félaga og úrsögn úr félaginu gilda að öðru leyti ákvæði 34, 110. og 111. gr. vatnalaga nr. 15/1923 með síðari breytingum eftir því sem við á, sbr. 29. gr. sömu laga.
- 12. Vinnuferðir og aðrar skyldur eigenda**
- 12.1 Félagsmenn skulu gæta þess sérstaklega að viðhalda inntaksbúnaði og vatnslögnum í eignum sínum ásamt því að fylgja öllum reglum og fyrirmælum stjórnar varðandi afnot veitunnar, umgengni við veitumannvirki og frágang hvers kyns tenginga og loka, þ.m.t. inntaksloka. Þá skulu félagsmenn gæta þess sérstaklega að forðast alla óhóflega notkun eða sóun á vatni, hvort sem er af sinni hálfu eða annarra sem kunna að dvelja í eignum þeirra. Stjórn félagsins er heimilt að setja almennar notkunarreglur í þessum tilgangi og krefjast þess að þær séu hafðar sýnilegar á áberandi stað í hverju húsi.
- 12.2 Brot félagsmanna á reglum sem stjórn kann að setja skv. gr. 12.1 geta varðað bótaskyldu að því marki sem tjón hefur hlotist af, s.s. vegna aukins kostnaðar við vatnsflutninga eða kostnaðar við viðgerðir, viðhald og endurbætur veitumannvirkja. Ítrekuð brot á reglum stjórnar geta varðað brottrekstri úr félaginu, enda samþykki lögmætur félagsfundur tillögu þar að lútandi.
- 12.3 Komi upp bilun eða annað ástand í fasteign sem tilheyrir félaginu þannig að til tjóns horfi getur stjórn hlutast til um nauðsynlega viðgerð á kostnað viðkomandi félagsmanns. Gera skal honum viðvart um slíka ráðstöfun og gefa honum kost á að annast sjálfur um viðgerð verði því við komið án tafar. Verði félagismaður var við bilun sem hann getur ekki brugðist

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

við þegar í stað skal hann tilkynna stjórn um hana svo brugðist verði við með viðeigandi hætti.

- 12.4 Sjálfboðavinna er lykilþáttur í uppbyggingu og viðhaldi á veitumannvirkjum félagsins. Stjórn félagsins skipuleggur vinnuferðir eins oft og þörf krefur en að jafnaði eru farnar eigi færri en tvær ferðir á ári, þ.e. að vori og hausti. Stjórnin skipuleggur jafnframt þátttöku félagsmanna í vinnuferðum eftir þörfum hverju sinni og skal við það miðað í skipulagi stjórnar að eigendur hverrar fasteignar sem tilheyrir félaginu, eða fulltrúi/fulltrúar þeirra eftir atvikum, taki þátt a.m.k. einni vinnuferð þriðja hvert ár. Stjórnin boðar aðila í vinnuferðir með eins löngum fyrirvara og kostur er. Stjórn er einnig heimilt að auglýsa vinnuferðir með almennum hætti og óska eftir frekari þátttöku ef þörf krefur.
- 12.5 Mæti enginn félagsmaður eða fulltrúi frá tiltekinni húseign til vinnuferðar samkvæmt skipulagi og boðun stjórnar, eða til annarrar vinnuferðar þess í stað eftir nánara samráði við stjórn, innan þess þriggja ára tímils sem tilgreint er í gr. 12.4, er stjórninni heimilt að innheimta sérstakt forfallagjald af eigendum viðkomandi eignar. Fjárhæð forfallagjalds ákvarðast af stjórn hverju sinni en miðað skal við að fjárhæðin nemi að minnsta kosti útlögðum ferðakostnaði og útlögðum kostnaði sem viðkomandi félagsmaður/menn hafa sparað sér vegna fjarverunnar.
- 12.6 Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að meta önnur störf félagsmanna eða fulltrúa þeirra í þágu félagsins sem ígildi þátttöku í vinnuferð(um). Skal bókað um slíka ákvörðun í fundargerð stjórnar.
- 13. Ábyrgð félagsins og heilbrigðishættir í rekstri veitumannvirkja**
- 13.1 Félagið eða stjórn þess ber ekki ábyrgð á röskun veitu, hvort sem er af völdum bilunar, vatnsskorts eða af öðrum ástæðum. Sama á við um gæði vatns eða notagildi þess hverju sinni.
- 13.2 Stjórn félagsins skal gæta þess að öllum reglum og opinberum fyrirmælum sem gilda á hverjum tíma um rekstur vatnsveitu og veitumannvirkja sé fylgt í hvívetna, þ.m.t. reglur um heilbrigðishætti, hreinlæti og reglubundnar hreinsanir á búnaði og tækjum.
- 13.3 Öllum félagsmönnum er skylt að veita aðgang að eignum sínum til að reglubundnar hreinsanir og viðhald af þeim toga geti farið fram af hálfu stjórnar, þ.m.t. reglubundin sótthreinsun (klórun) að viðlögðum sömu vanefndaúrræðum og fram koma í gr. 12.2.
- 14. Slit félagsins**
- 14.1 Samþykki 2/3 hluta allra félagsmanna þarf til að leggja félagið niður eða slíta því. Tillaga um það skal borin upp og kynnt á aðalfundi með sama hætti og tillaga að breytingu á samþykktum félagsins. Sé aðalfundur ekki sóttur af a.m.k. 2/3 hlut félagsmanna verður tillaga um slit ekki borin upp en boða má til aukaálfundar í því skyni að bera upp slíka tilögu að nýju.
- 14.2 Verði félagið lagt niður eða því slitið skulu eignir renna til uppgreiðslu á skuldbindingum félagsins ef einhverjar eru en að öðrum kosti renna þær til Flateyjarkirkju.

FLATEYJARVEITUR

SAMÞYKKTIR

14.3 Að öðru leyti en að framan greinir gilda um slit félagsins ákvæði 112. gr. vatnalaga nr. 15/1923 með síðari breytingum.

15. Staðfesting samþykktá þessara

15.1 Samþykktir þessar eru staðfestar á aðalfundi félagsins þann 9. mars 2013 með fyrirvara um staðfestingu ráðherra. Staðfesti ráðherra samþykktirnar teljast þær gilda frá aðalfundi þeim sem samþykkti þær. Geri ráðherra athugasemdir við efni samþykktanna skal boðað til auka-aðalfundar til að fjalla um nauðsynlegar breytingar á samþykktunum til að mæta slíkum athugasemdum.

Ákvæði til bráðabirgða

Stjórn félagsins skal móta og leggja fyrir aðalfund eigi síðar en árið 2015 tillögur að útfærslu á því hvernig mæla má vatnsnotkun í þeim fasteignum sem tilheyra veitunni og hvernig leggja megi slíka notkun til grundvallar í gjaldtöku og afnotagjaldi skv. gr. 8.3 í samþykktum þessum í stað áætlana skv. gr. 8.4. Skal við það miðað að komið verði upp mælibúnaði í samræmi við slíkar tillögur stjórnarinnar og í framhaldi af samþykki þeirra á aðalfundi, hjá þeim félagsmönnum sem þess óska og þar sem því verður við komið tæknilega. Einnig skal við það miðað að þeir félagsmenn sem óska eftir uppsetningu mælibúnaðar greiði kostnað félagsins við uppsetningu og viðhald nema stjórnin ákveði að slíkur búnaður verði settur upp í allar fasteignir sem tengdar eru veitunni.

Samþykktur staðfestur í
samræmi við 102. gr.
vatnalaga nr. 15/1923.
24. 2013.

Staðfest
Samt
þann

F. h. r.
Angrí M. Pál

